



Icelandic Delegation to the North Atlantic Council, 15. mars 1961

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dóms- Heilbrigðis- og – Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan –
NATO – H.G. Andersen

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-25, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afrit

ICELANDIC DELEGATION
TO THE
NORTH ATLANTIC COUNCIL

París, 15. marz 1961.

9.F.1.

Nr. 30.
Landhelgismálið.

Á fundi NATO ráðsins í dag skýrði brezki fulltrúinn Sir Paul Mason frá lausn fiskveiðideilunnar, sbr. hjálagt fylgiskjal (I). Ég svaraði honum sem segir í fylgiskjali II.

Fulltrúi Hollands, dr. Stikker, tók því næst til máls og lýsti ánægju sinni yfir lausn deilunnar. Kvaðst hann hafa fylgzt sérstaklega með málinu meðan hann var sendiherra bæði í London og Reykjavík.

Fulltrúi Belgíu lýsti einnig ánægju sinni en kvaðst vilja spyrjast fyrir um hvaða áhrif þetta samkomulag hefði á aðstöðu annara þjóða sem fiskveiðar stunduðu á Íslandsmiðum. Kvaðst hann viss um að belgísk fiskiskip hefðu mikinn áhuga á að fá sömu aðstöðu og brezk. Fulltrúi Breta svaraði því strax til, að hér væri um tvíhliðasamning að ræða, sem auðvitað gæfi öðrum engan rétt. Að öðru leyti kvaðst hann ekkert geta um þetta atriði sagt (enda virðist það ekki vera Breta að ákveða hvaða aðstöðu aðrar þjóðir hafa við Ísland). Formaður ráðsins, M. Casardi, kvað augljóst að hér væri um tvíhliðasamning að ræða og þriðji aðili yrði sjálfur að leita samkomulags ef hann óskaði þess. Fulltrúi Kanada kvað sig ósammála formanni. Enda þótt lausn málsins væri mjög ánægjuleg teldi hann, að spurningin um fiskveiðitakmörkin væri alþjóðlegt vandamál og ýmsar hættur væru því samfara að tvíhliðasamningar væru gerðir um það mál. Fulltrúi Belgíu kvaðst hafa vakið máls á spurningunni um aðstöðu annarra ríkja vegna þess, að hann vildi gjarnan geta skýrt ríkisstjórn sinni frá hvaða hugmyndir Íslenska ríkisstjórnin hefði í því efni. Fulltrúi Ítalíu kvaðst hafa sama sjónarmið, því að enda þótt Ítalir veiddu ekki við Ísland gæti þetta atriði haft þýðingu í sambandi við samninga Ítalíu og Júgóslavíu.

Utanríkisráðuneytið,
Reykjavík.

Fulltrúi Frakklands lýsti ánægju sinni með lausn deilunnar. Enda þótt þetta sérstaka vandamál hefði ekki haft praktiska þýðingu fyrir Frakka þar sem þeir stunduðu yfirleitt ekki veiðar á Íslandsmiðum, væri samt nauðsynlegt fyrir þá að kynna sér þetta tvíhliðasamkomulag vandlega vegna hagsmuna sinna á öðrum hafsvæðum. Einkum væri þetta nauðsynlegt þar sem Genfarráðstefnan hefði farið út um þúfur. Fulltrúi Grikklands kvaðst sammála þessu.

Ég kvaðst að lokum vilja taka fram tvö atriði. Annað væri það að eins og Sir Paul Mason hefði reyndar vikið að, væri Ísland í algerrri sérstöðu að því er snerti fiskveiðitakmörkin, þar sem fiskveiðar væru grundvöllurinn undir öllu efnahagskerfi landsins. Þessvegna væri ekki hægt að fullyrða að hér væri um fordæmi að ræða varðandi önnur hafsvæði. Hins vegar vildi ég taka fram, að mér hefðu ekki borizt nein fyrirmæli varðandi afstöðu ríkisstjórnar Íslands til hugsanlegra tilmæla á þessu stigi, en að ég myndi skýra ríkisstjórninni frá þeim umræðum sem fram hefðu farið.

Að lokum sagði formaður að ef til vill hefði hann samband við fulltrúa Íslands varðandi upplýsingar um það, hvað Íslenzka ríkisstjórnin hyggðist fyrir í því er snerti aðstöðu annara þjóða á Íslandsmiðum. Sjálfur kvaðst hann álíta, að þetta mál myndi líklega ekki hafa verið leyst ef NATO hefði ekki verið til.

H.G. Andersen (sign)